

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar.

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Gjafasjóður Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar og starfar samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhag, rekstri og lögbundinni stöðu Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar, Seltúni 1, 850 Hellu.

2. gr.

Heimilisfang sjóðsins.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Rangárþingi ytra.

3. gr.

Markmið sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að styrkja og styðja starfsemi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar til hagsbóta fyrir heimilisfólk og starfsmenn. Þessu markmiði skal náð með því að verja fjármunum sjóðsins til að:

- a. Bæta aðbúnað heimilisfólks með kaupum á hjálpartækjum, húsgögnum eða öðrum búnaði sem knýjandi þörf er á hverju sinni.
- b. Styðja við afþreyingu fyrir heimilisfólk með þátttöku í kostnaði.
- c. Annað sem telst brýnast hverju sinni.

Ekki er heimilt að verja fjármunum sjóðsins í almennt viðhald húsnæðis hjúkrunar- og dvalarheimilisins.

4. gr.

Stofnandi sjóðsins.

Stofnandi sjóðsins er Lundur, dvalarheimili aldraðra, kt. 440375-0149.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 10.320.975 kr. sem lagt er fram af Lundi, dvalarheimili aldraðra, auk annarra fjármuna sem nú eru í vörslu hans. Óskerðanlegt stofnfé er 1.670.000 kr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins og hlutverk.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, einum frá hvoru aðildarsveitarfélagi ásamt hjúkrunarforstjóra. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis munu aðildarsveitarfélögin kjósa í nýja stjórn í upphafi hvers kjörtímabils.

sveitarstjórnar. Ef til sameiningar sveitarfélaga kemur skulu stjórnarmenn vera tveir sveitarstjórnarfulltrúar aðildarsveitarfélags ásamt hjúkrunarforstjóra.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum sjóðsins í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, kemur fram fyrir hönd sjóðsins, tekur ákvarðanir og stýrir öllum málefnum hans þar með talið um öll útgjöld sjóðsins.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Í einstökum tilfellum getur stjórn sjóðsins veitt öðrum skriflegt umboð til að framkvæma ákvarðanir stjórnar. Mikilvægar ákvarðanir má ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið sé þess nokkur kostur. Við afgreiðslu mála skulu stjórnarmenn leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu en að öðrum kosti gildir meirihluti atkvæða.

7. gr.

Boðun stjórnarfunda og skráning fundargerða.

Stjórnin heldur fundi eftir þörfum. Formaður boðar fundi og nægir að einn stjórnarmaður óski þess. Fundarboð skal berast stjórnarmönnum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund og skoðast þá löglega til hans boðað. Ef boðaður fundarmaður getur ekki mætt er það á hans ábyrgð að boða varamann. Boðun funda skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang fundarmanna. Fundargögn skulu gerð aðgengileg með rafrænum hætti.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fundarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Hver stjórnarmaður getur krafist aukafundar. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að ósk þar um barst formanni stjórnar. Fundarboð vegna aukafundar skal sent svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Stjórnarfundir skulu skráðir og afrit af fundargerðum send varamönnum og sveitarstjórnnum.

8. gr.

Fjárvarsla sjóðsins.

Dagleg umsýsla svo sem inn- og útgreiðslur, fjárvarsla og bókhald fer fram á Lundi, dvalarheimili aldraðra.

9. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og framlög til sjóðsins. Þá samanstanda tekjur sjóðsins einnig af:

- a. Sölu minningarkorta.
- b. Vaxtatekjum.
- c. Öðrum tekjum.

Stjórn sjóðsins skal ævinlega leita leiða til að ávaxta fjármuni sjóðsins sem best án þess að stofna til óþarfa áhættu.

10. gr.

Bókhald og endurskoðendur.

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

Stjórn sjóðsins skal velja tvo skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur skulu vera sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna hvert sinn. Ef til sameiningar sveitarfélaga kemur skal a.m.k. annar skoðunarmanna vera sveitarstjóri aðildarsveitarfélags. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundi stofnunar til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins.

Reikningsárið er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjóðsins til næstu áramóta.

12. gr.

Persónuvernd.

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga og vinnur með slíkar upplýsingar í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og aðrar viðeigandi reglur og lög.

Sjóðurinn safnar, skráir, varðveitir og vinnur með persónuupplýsingar eingöngu í þeim tilgangi sem nauðsynlegur er vegna starfsemi hans og í samræmi við lögmætan grundvöll. Persónuupplýsingum er ekki miðlað til þriðju aðila nema slíkt sé heimilt samkvæmt lögum eða með samþykki viðkomandi.

Sjóðurinn tryggir að viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum sé beitt til að vernda persónuupplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi, breytingum, glötum eða birtingu.

Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlöggjöf eru virt, þar með talið réttur til aðgangs, leiðréttingar og eyðingar gagna eftir því sem við á.

13. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumanns.

Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiða sem greint er frá hér að framan eða skyldra markmiða í þágu aldraðra.

14. gr.

Staðfesting og undirritun.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Lundar, dvalarheimilis aldraðra, 14. júlí 2025.

15. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 27. maí 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Martyna Julia Czubaj.

B deild - Útgáfudagur: 6. júlí 2026